

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 57/2006**

**frá 2. júní 2006**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2005 frá 8. júlí 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/631/EB frá 29. ágúst 2005 um grundvallarkröfur sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB með tilliti til þess að tryggja neyðarþjónustu aðgang að Cospas-Sarsat-staðsetningarsendum <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 4zzn (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/53/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„4zzo. **32005 D 0631**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/631/EB frá 29. ágúst 2005 um grundvallarkröfur sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB með tilliti til þess að tryggja neyðarþjónustu aðgang að Cospas-Sarsat-staðsetningarsendum (Stjtið. ESB L 225, 31.8.2005, bls. 28).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2005/631/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. júní 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 306, 24.11.2005, bls. 32, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 60, 24.11.2005, bls. 20.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 225, 31.8.2005, bls. 28.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. júní 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***R. Wright***

formaður.